



Strandabyggð

Svæðisskipulag Dala, Reykhóla og Stranda

Kynning á 4. Haustþingi Fjórðungssambands
Vestfirðinga, Hólmavík

25-26. október 2019

Þorgeir Pálsson

Sveitarstjóri Strandabyggðar



Upphafið

- Á samráðsfundi sem haldinn var í Tjarnarlundi í Saurbæ þann 31. mars 2015, ræddu fulltrúar Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps um tækifæri tengd svæðisbundnu samstarfi
- Árneshreppi var einnig boðið að senda fulltrúa á fundinn, en **fulltrúi þeirra komst ekki vegna erfiðra vetrarsamgangna**
- Farið var yfir áskoranir í þessum samfélögum, rætt um hvort sveitarfélögin teldu sig geta áorkað meiru með því að taka sameiginlega á viðfangsefnum sínum og hver ávinningurinn væri af samvinnu.



Strandabyggð

Tilgangurinn

- „Tilgangur svæðisskipulagsins yrði að **móta og festa í sessi sameiginlega sýn og stefnu** í atvinnumálum byggðanna og tilheyrandi innviða. Einkum væri horft á **ferðaþjónustu, landbúnað og sjávarnytjar** og skoðað hvernig sveitarfélögin gætu sameiginlega tekist á við áskoranir sem við blasa í þessum efnum, greint og markað stefnu um auðlindir sínar og **nýtt tækifærin** sem þar liggja til uppbyggingar í atvinnulífi.“





Strandabyggð

Form og umfang

- Samið við verkfræðistofuna **ALTA** um verkefnastjórn
- Sveitarstjórar allra sveitarfélaga beinir tengiliðir
- Tímarammami: Verkefnið hófst í desember 2015 og verklok voru í upphafi ráðgerð í lok árs 2017. Lokaeintak Svæðisskipulags er gefið út í janúar 2018 og staðfest af sveitarstjórnnum allra í framhaldinu
- Verkefnið var unnið í tímavinnu og áætlaður fjöldi vinnustunda var 1800. 25% afsláttur var gefinn vegna umfangs.
- Heildarkostnaður var áætlaður **27.550.000.-** án vsk.
- Að verkefninu kom fjöldi manna úr öllum sveitarfélögum, verkefnastjórnir, einstaklingar og sérfræðingar á ýmsum sviðum.



Strandabyggð

Afraksturinn

- Skjal, staðfesting, aðgerðarlýsing, upptalning verkefna í **landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu**, sem og **umhverfis og skipulagsstefna**
- **Sameiginleg framtíðarsýn** sveitarfélaganna á **þróun svæðisins** m.t.t. umhverfis, grunngerðar og atvinnulífs með sérstökum áherslum á ferðaþjónustu, landbúnað og sjávarnytjar
- **Grófar línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð sveitarfélaganna**, jafnframt því að vera grundvöllur að frekari samvinnu um verkefni sem stuðla að framtíðarsýninni
- Eigin **byggðaáætlun**
- Eigin **skipulagsáætlun**
- Sett voru fram marmkið, leiðir að þeim og aðgerðarkort.

Afraksturinn

- Nú er það sveitarfeélaganna að nýta skipulagið í sína þágu
- Svæðisskipulagið bætist við fjölbætt samstarf þessara sveitarfelaga, því að auki má nefna eftirfarandi samstarf:
 - Byggðasamlag um Slökkvilið
 - Sameiginlegur skipulagsfulltrúi
 - Sameiginlegur byggingarfulltrúi
 - Félagsþjónusta Reykhóla og Stranda
- Og rætt er um hugsanlegt samstarf í sorphirðumálum. félagsmálum, skólumálum ofl.

Hafa samband

- Svæðisskipulag hefur tekið gildi.
- Fyrirspurnum skal beina til Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.



Strandabyggð

Að búa í hagin – samstarf til sóknar!

